

G J A L D S K R Á

Hitaveitu Selfoss.

I. Heitt vatn.

Hitaveita Selfoss selur afnot af heitu vatni úr veitukerfi sínu á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

1. Til almennrar notkunar um vatnsmæli:
 - a. Vatnsgjald 10.00 kr/m³
 - b. Fastagjald af rúmmáli í rúmi því er hita skal, er þá miðað við utanmál húsnæðis 1.30 kr/m³ á mán.
2. Til notkunar í húsnæði, sem hefur litla upphitunarpörf miðað við rúmmál, enn fremur kranavatn til notkunar í húsnæði, sem hefur aðra hitun, um vatnsmæli:
 - a. Vatnsgjald 15.70 kr/m³
3. Vatnsgjald, kr. 4 700.00 á ári fyrir hvern mínútulítra í hámarksstillingu hemils. Minnsta magn vatns sé 1 mínútulítri á hverja 100 m³ húsnæðis. Ef vatnsmælir bilar er hitaveitunni heimilt að áætla vatnsnotkun með hliðsjón af fyrri notkun og/eða hitapörf húsnæðisins.

II. Mælaleiga.

Hitaveitan leigir vatnsmæla og skal leiga fyrir þá innheimt jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkun. Hitaveitan ákveður stærð mæla, sem nota skal fyrir hverri veitu og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælum, sem hér segir:

1. Fyrir mæla allt að ¾" 160.00 kr/mán.
2. Fyrir mæla frá 1"-2" 270.00 kr/mán.
3. Fyrir hemla 220.00 kr/mán.

III. Heimæðagjald.

Heimæðagjald fyrir eina heimæð er, miðað við heildarúmmál húsa, sem hita skal:

Allt að 400 m³ 24 320.00 kr.

400 til 2000 — 24 320.00 — af 400 m³ + 19.20 á m³ þar yfir.

2000 — 6000 — 55 040.00 kr. af 2000 m³ + 16.70 á m³ þar yfir.

Séu fleiri en eitt hitunarkerfi tengd við heimæðina með mælum frá hitaveitunni, skal greiða kr. 4 050.00 aukagjald fyrir hvern mæli umfram hinn fyrsta.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum. Sé um óskipulagt svæði að ræða, skal greiða heimæðagjald samkvæmt kostnaðarreikningi.

Heimæðagjald skal að fullu greitt þegar tengingu heimæðar er lokið.

IV. Opnunargjald.

Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduroppnun kr. 300.00.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að taka gildi 1. marz 1973 og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 6 14. janúar 1971 með síðari breytingum.

Iðnaðarráðuneytið, 26. febrúar 1973.

Magnús Kjartansson.

Jóhannes Guðfinnsson.